

## REGLUR

### um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Ákvörðun um fjöldatakmörkun.*

Hjúkrunarfræðideild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í hjúkrunarfræði. Skal beiðni frá deildinni, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur hjúkrunarfræðideildar eigi síðar en í janúar.

Ef fjöldatakmörkun er ákveðin fer val stúdenta til náms fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði um fyrirkomulag og niðurstöður samkeppnisprófa.

#### 2. gr.

##### *Fyrirkomulag samkeppnisprófa.*

Prófað verður í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Stúdentar verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

Þeim stúdentum, sem þreyta samkeppnispróf á haustmisseri 1. námsárs, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. Sá fjöldi stúdenta sem ákveðinn hefur verið sbr. 1. gr., þeirra stúdenta sem bestum árangri ná á samkeppnisprófum, fær rétt til áframhaldandi náms í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

#### 3. gr.

##### *Vægi greina og fyrirgjöf.*

Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundum að fengnum tillögum námsnefndar. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að hjúkrunarfræði I	20%
Félagsfræði I	20%
Heimspakileg forspjallsvísindi	20%
Efnafræði	20%
Líffærafræði	20%

Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,0-10,0. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta varðandi áframhaldandi nám.

Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands verði birtar fyrir 10. janúar.

#### 4. gr.

##### *Sjúkrapróf o.fl.*

Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er. Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári.

5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 127. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 28. júní 2002.*

**Páll Skúlason.**

---

*Þórður Kristinsson.*